

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 17. nóvember 2020  
*Mál nr. 2011021*

**Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.**

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 24. október sl., þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2021 verði 70%.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði greinar 35 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,  
f.h. Brúar lífeyrissjóðs

Þóra Jónsdóttir  
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs

2021-10-24

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri  
Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

**Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2021 vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.**

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðilarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi :

“34.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

34.4. Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur. Bæjarstjórn og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundradshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Bæjarstjórn ákveður hundradshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Aflað var upplýsinga úr ársreikningum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 1983-2013 og Brúar lífeyrissjóðs árin 2013-2019 um greiðslu iðgjalda, lífeyris og kostnaðar. Þá fengust úr ársreikningum Hafnarfjarðarbæjar upplýsingar um iðgjalda og lífeyrisgreiðslur árin 1963 til 1983 sem ekki hafa verið aðgengilegar fyrir við útreikning á endurgreiðsluhlutfalli. Eftir þessum upplýsingum er nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall reiknað miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sem gerð var miðað við lok ársins 2019. eru þetta nýjustu upplýsingar sem fyrir liggja. Forsendum um lífs- og örorkulíkur var breytt við tryggingafræðilega athugun ársins 2019.

Niðurstaða útreikninga er að nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall reiknist nú 70%.

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson